

Fimmtudaginn 6. júní 1996.

Nr. 127/1996.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Baldri Gunnarssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Tilraun til manndráps. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarmennir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1996 að ósk ákærða til endurskoðunar samkvæmt a- og b-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Af hálfu ákærvalds er krafist sakfellingar samkvæmt aðalkröfu ákæru og þyngingar á refsingu. Jafnframt er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða Harry Jóhannesi Harryssyni 1.500.000 krónur í skaðabætur.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Eins og atlögu ákærða að hinum sofandi manni var háttað, hlaut honum að vera ljóst, að lífsháski stafaði af henni. Verður því staðfest heimfærsla héraðsdóms á broti ákærða til 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Jafnframt verður refsíákvörðun héraðsdóms staðfest.

Af hálfu ákærða hefur verið lýst yfir því, að hann úni niðurstöðu héraðsdóms um skaðabætur. Í dómnum er að nokkru lýst efni ýtarlegs læknisvottorðs um áverka, sem Harry Jóhannes varð fyrir af völdum ákærða. Er vottorðið ritað sjö dögum eftir að málsatvik gerðust. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Gunnsteins Stefánssonar heilsugæslulæknis 29. maí 1996. Kemur þar meðal annars fram, að Harry er atvinnulaus, en að því er virðist vinnufær.

Svo sem áður greinir, er krafist skaðabóta, að fjárhæð 1.500.000 krónur, úr hendi ákærða. Við munnlegan málflutning hér fyrir dómi gat ríkissaksóknari þess, að lögmaður tjónþola hefði ekki lagt fram nánari kröfugerð eða sundurliðað hana. Bótakrafan er af hálfu tjónþola ekki nægilega rökstudd með hliðsjón af ákvæðum skaðabóta-

laga nr. 50/1993, og ekki liggja fyrir gögn til stuðnings því, að tjón verði metið til hærri fjárhæðar en 400.000 króna, sem ákærði hefur eftir framansögðu samþykkt að greiða. Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður niðurstaða héraðsdóms staðfest að þessu leyti, en frekari bótakröfum er vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Jafnframt verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og nánar er kveðið á um í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Baldur Gunnarsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 15. mars 1996.

Ár 1996, föstudaginn 15. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-82/1996: Ákærvaldið gegn Baldri Gunnarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað hér fyrir dómnum með ákæru 14. febrúar 1996 á hendur „Baldri Gunnarssyni, Hvaleyra braut 3, Hafnarfirði, kennitala 231166-4759, fyrir húsbrot og tilraun til manndraps með því að hafa um klukkan 10.30 mánudaginn 1. janúar 1996 ruðst í heimildarleysi inn í húsið nr. 71 við Strandgötu í Hafnarfirði, farið þar inn í svefnherbergi á íbúðarhæð hússins, þar sem húsráðandi, Harry Jóhannes Harrysson, og kona sváfu í rúmi, sest klofvega á manninn og fyrirvaralaust lagt til Harrys Jóhannesar með hnífi og í því skyni að svipta hann lífi veitt honum 11 cm langt svöðusár á hálsi, og lá skurðurinn gegnum minni háttar bláæðar, tvo vöðva og eina taug. Var Harry Jóhannes fluttur á sjúkrahús, þar sem gert var að sárum hans.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr., og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. og 231. gr. hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Af hálfu ákærða er gerð krafa um vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að mikill hluti refsingar verði skilorðsbundinn. Þá er krafist málsvarnarlauna og að gæsluvarðhald ákærða komi til frádráttar.

Við aðalmeðferð lagði kærandi fram bótakröfu, sem ákærði samþykkti, að kæmist að í málinu, en mótmælti sem of hárrí.

Málavextir.

Mánudaginn 1. janúar 1996 kl. 10.45 hringdi Ingibjörg Guðmundsdóttir, kt. 180773-5179, í lögregluna í Hafnarfirði og tilkynnti, að maður hefði verið skorinn með hnífi. Fóru lögregla og sjúkralið að Strandgötu 71, Hafnarfirði, sem er einbýlishús á einni hæð með kjallara. Eigandi hússins er kærandi, Harry Jóhannes Harrysson, kt. 130766-4479, og leigir hann út eitt herbergi af fjórum í 1. hæð svo og kjallara. Er lögregla kom á vettvang, voru Ingibjörg og Harry í herbergi Harrys. Var hann talsvert blóðugur og gráfödur í andliti. Hann hélt röku handklæði að hálsi sér vinstra megin við barka, þar sem úr blæddi. Blóð var á gólfi herbergisins, í skála, eldhúsi og baðherbergi. Í rúmi fannst blóðugur hnífur, u. þ. b. 15 cm langur með um 7 cm löngu blaði. Sjúkraflutningsmenn fluttu Harry á slysadeild til aðhlyningar, en Ingibjörg varð eftir. Hún var lítillaga sár á vinstri upphandlegg, eins og hnífsegg hefði stökist þar við. Ekkert blæddi þó úr, og þótti ekki ástæða til að líta á það sérstaklega. Í skýrslu lögreglu segir, að Harry og Ingibjörg hafi verið óölvuð og tiltölulega róleg, en bersýnilega brugðið.

Vettvangur var rannsakaður, og tók Rannsóknarlögregla ríkisins við rannsókn málsins. Með aðstoð vitnis og með því að rekja spor í snjónum tókst lögregla að finna ákærða að Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfirði. Var hann handtekinn og færður til yfirheyrslu. Á heimili hans fundust munir, er þóttu benda til sektar hans, m. a. skór með sólum sömu gerðar og sporin, er rakin höfðu verið frá Strandgötu 71, blóðugir hanskar og hnifar sömu gerðar og sá, sem fannst á vettvangi. Þá kom einnig í ljós heima hjá ákærða, að hann var með 21 blómapott af maríúana-plöntum og ýmsa muni í tengslum við fíkniefnanotkun.

Í læknisvottorði segir, að Harry hafi verið með eins cm skurð á þumal-fingri hægri handar, sem saumaður hafi verið með þremur sporum. Á hálsi hafi verið 11 cm langur skurður, þverlægur, u. þ. b. 4 cm, undir eyrnasnepli. Að framan byrjaði skurðurinn rétt aftan við barka og endaði um 5 cm aftan við eyra. Skurðurinn virtist skorinn með einu sniði og með beittu eggvopni. Dýptin var mest um miðju, sennilega um 2–3 cm. Skurðurinn lá í gegnum vöðva og bláæðar. Subcutan-saumar voru settir og loks húðsaumur, og urðu þeir 17 talsins. Í vottorði læknisins segir, að sjúklingurinn hafi verið í all-nokkru uppnámi og misst þó nokkurt blóð. Var hann meðhöndlaður með vökvagjöf í æð og lyfjum gegn verkjum og ógleði svo og sýklalyfjum. Í læknisvottorði segir, að leiða megi líkur að því, að litlu hafi mátt muna, að þarna hefðu hlotist alvarlegir áverkar, jafnvel lífshættulegir. Undir það tók Gunnlaugur Geirsson prófessor, sem kom fyrir dóm.

Kærandi, Harry Jóhannes Harrysson, kvaðst hafa verið að skemmta sér á veitingahúsinu Firðinum um nóttina. Þar hefði hann hitt vitnið Ingibjörgu Guðmundsdóttur, og hefði hún farið heim með sér að Strandgötu 71 og þau sofnað um kl. 6 um morguninn. Honum fannst hann hefði vaknað við sarghljóð í hnífi og að maður væri að skera sig fram og til baka á hálsinum. Fann hann til mikils sársauka. Hann mundi ekki, hvort maðurinn hefði setið klovvega yfir sér eða á rúmstokknum. Hann hefði gripið um hnífsblaðið og skorist við það á þumalfingri. Hann man ekki, hvort hann sló til mannsins eða ýtti við honum, en maðurinn hefði hlaupið út án þess að segja nokkuð. Sjálfur hefði hann hlaupið fram í eldhús og séð á eftir árárarmanninum á Strandgötu. Honum fannst eins og maðurinn hefði ekki vitað, hvað hann væri að gera og væri í sínum eigin heimi. Frekar dimmt hefði verið í herberginu, þegar þetta gerðist, og hann því ekki séð manninn vel. Auk þess hefði hann ekki verið með gleraugu og sei illa án þeirra.

Ingibjörg Guðmundsdóttir kvaðst hafa vaknað við stimpingar í rúminu. Ekki hefði verið ljós í herberginu og dregið fyrir glugga, en samt nokkur skíma af birtu að utan. Hún hefði séð, að maður sat ofan á Harry í rúminu, og ekki vitað, hvað var að gerast. Hún hefði ætlað að rísa upp, en þá hefði aðkomumaður gripið fyrir munn henni og þrýst henni niður í rúmið. Hún hefði fundið, að hönd mannsins var hanskaklædd. Maðurinn hefði síðan staðið upp og hlaupið út. Ingibjörg lýsti árárarmanninum þannig, að hann væri rúmlega þrítugur, skolhærður, stuttklíptur, með stór, klossuð gleraugu með dökkri umgerð, fremur grannur í andliti og meðalmaður á hæð. Þessi lýsing kemur heim og saman við útlit ákærða.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi byrjað áfengis- og fíkniefna-neyslu daginn fyrir gamlaársdag og verið ölvaður og undir áhrifum hass og amfetamíns þessa tvo sólarhringa, sem liðu, þar til hann var handtekinn. Hann hefði verið heima á gamlaárskvöld og farið á Fjörukrána um kl. 4 um nóttina. Hefði hann verið þar um eina klukkustund og farið út með síðustu gestum, þegar lokað var. Eftir það man hann lítið eftir ferðum sínum. Þó minnir hann, að hann hafi farið einu sinni eða tvisvar heim til sín og farið í eitthvert hús á Selvogsgötu í stuttan tíma án þess að vita með hverjum. Hann mundi, að hann var staddur í herbergi og að maður og stúlka lágu í rúmi. Birta var frá glugga, og hefði hann séð andlit mannsins, sem lá í rúminu. Hann hefði setið ofan á mannum, þegar stúlkan vaknaði. Hann mundi, að hann skar manninn á háls, horfði í andlit hans og hljóp síðan út. Hann mundi ekki eftir að hafa komið með hníf með sér. Hann hefði ekki þekkt kæranda og ekki séð hann áður. Hjá lögreglu skýrði hann svo frá, að hann hefði verið búinn að leggja til kæranda, þegar hann hefði áttað sig á,

að um rangan mann var að ræða. Hann hefði ætlað að gera upp gamlar skuldir við tiltekinn mann, sem hann síðar nafngreindi. Hann hefði selt honum Lada-bifreið haustið 1993 á 50–70.000 krónur og átt að fá peningana daginn eftir. Það hefði ekki staðist, og hefði hann fengið hluta söluverðs í nóvember, en bifreiðin væri ekki enn að fullu greidd. Hann hefði hins vegar fengið lánuð fíkniefni út á bílaviðskiptin og ekki getað greitt fyrir. Hefði hann orðið fyrir barsmíðum vegna þessa og því lagt hatur á þennan mann, sem hann hefði þó ekki séð, frá því að viðskiptin með bifreiðina fóru fram 1993. Sagði hann hjá lögreglu, að hann hefði talið sig vera að ráðast á þennan mann, þegar hann fór inn í húsið að Strandgötu 71. Hann kvaðst þó ekki hafa ætlað að verða honum að bana. Ákærði taldi líklegt, að þessi maður hefði komið upp í huga sér um nóttina. Hann hefði verið í mikilli vímu og eitthvað verið að velta þessu skuldamáli fyrir sér milli jóla og nýárs. Fyrir dómi breytti ákærði þessari frásögn sinni á þann veg, að nú teldi hann, að hann hefði gripið til þessarar sögu meira til að réttlæta verknað sinn eða til að reyna að skýra hann fyrir sjálfum sér og öðrum. Taldi hann nú ólíklegt, að þetta hefði ráðið gjörðum sínum, heldur hefði ástæðan umfram allt verið langvarandi áfengis- og fíkniefnaneysla og hann því ekki vitað, hvað hann var að gera.

Ákærða var tekið blóð til rannsóknar, og mældist magn alkóhóls í blóði 0,81%. Í þvagsýni mældist magn alkóhóls 1,60%. Í vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði segir, að rannsókn þessi staðfesti einnig, að ákærði hafi neytt kannabisefna innan tíu daga, áður en sýni voru tekin.

Ákærði gekkst undir geðheilbrigðisrannsókn hjá Hannesi Péturssyni geðlækni. Í skýrslu hans segir, að ákærði sé fæddur og upp alinn í Hveragerði. Hann lauk þar barnaskóla og gagnfræðaskóla og fór síðan í fjölbrautaskóla á Selfossi. Var hann þar einn vetur, en flosnaði síðan úr skóla vegna drykkjuskapar og neyslu fíkniefna að eigin sögn. Hann kynntist konu sinni 1986, þegar hann var tæplega tvítugur og hún sautján ára. Þau eignuðust þrjú börn, en skildu árið 1993. Hass byrjaði hann að prófa 13 ára gamall, og var það „ást við fyrstu sýn“. Notaði hann það reglulega árum saman auk annarra fíkniefna, en þó í minna mæli. Í skýrslu læknisins segir m. a.:

„Baldur var fremur jákvæður og samvinnufús í viðtölum. Tal hans og tjáning voru innan eðlilegra marka og tilfinningaviðbrögð í samræmi við umræðuefnið hverju sinni. Ekkert sérstakt kom fram, sem talist gat sérkennilegt í fari hans, hreyfingum eða útliti ... Geðslag hans einkenndist nokkuð af „depurð“ og viðkvæmni, sérstaklega þegar talið barst að skilnaði hans og brostnum vonum um að geta tekið aftur upp sambúð við sambýliskonu sína. Hann kvartaði um leiða og að hann væri tómur innra með sér ...

Minnstruflanir hans, að því er varðar atburð þann, er mál þetta fjallar um, voru með þeim hætti, sem lýst er hér að framan, og lítill bati kom fram að því leyti á rannsóknartímanum. Hann var oft mjög leiður yfir þeim atburði, sem gerðist, án þess að geta skýrt frekar aðdragandann vegna minnisleysis. Við geðheilbrigðisrannsókn greindust ekki merki um meiri háttar geðveiki, hvorki ofskynjanir, haldvillur né sérviskulegur hugsunarháttur. Einkenni um sjúklegan kvíða, taugaveiklun eða árátthugsanir greindust ekki heldur. Minni Baldurs svo og athygli hans og dómgreind auk hæfileika til afstæðrar hugsunar virtust innan eðlilegra marka, og hann áttaði sig fyllilega á stað, stund og eigin persónu.“

Síðan segir í skýrslu læknisins:

„Það er álit undirritaðs, að Baldur Gunnarsson sé ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskortri. Hins vegar hafa við geðheilbrigðisrannsóknina greinst merki um persónuleikatrufnanir og langvarandi efnafíkn og áfengissýki. Persónuleikatrufnanir Baldurs hafa m. a. lýst sér í skapgerðarþrestum, hegðunarvandkvæðum á barns- og unglingsárum og óreglu- legri skóla- og atvinnusókn. Skapgerðargallar hans hafa farið saman við verulega vímuefnaneyslu og hafa m. a. lýst sér í nokkurri hvatvísi og erfiðleikum í mannlegum samskiptum. Afskipti lögreglu af Baldri undanfarin ár hafa einkum tengst efnafíkn hans og áfengissýki. Baldri er nauðsyn að hætta allri neyslu áfengis og annarra vímuefna og jafnframt, að hann reyni að sporna við framangreindum erfiðleikum með því að efla stöðugleika í lífi sínu. Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er mál þetta snýst um, vega að líkindum þyngst framangreindir skapgerðarþrestir samfara mikilli fíkniefnavímu. Baldur kveðst oft finna til beiskju í garð annarra, finnst hann ekki metinn að verðleikum og hefur að líkindum almennt lágt sjálfsmat. Hann er stundum stóryrtur í garð þeirra, sem honum finnst hafa gert á hlut sinn, svo sem skólastjóra, kennara og einnig þess aðila, sem mun að sögn hafa hlunnfarið hann í bílaviðskiptum. Að því er varðar nánasta aðdraganda umrædds atburðar, brestur Baldur minni, en hefur þó tíundað neyslu sína á ýmsum fíkniefnum sólarhringana fyrir atburðinn. Hann skýrir frá því, að hann hafi reykt hass nær daglega í hálf tannað ár og notað amfetamín í þrjá sólarhringa fyrir umræddan atburð auk umtalsverðrar neyslu á sterku áfengi.

Verði Baldur fundinn sekur um verknað þann, sem mál þetta er af risið, er líklegt, að framangreindir skapgerðarþrestir samfara mikilli efnavímu hafi leitt til skertrar sjálfstjórnar og hvatvíslegra viðbragða af hans hálfu. Í ljósi þessa verður að teljast líklegt, að dómgreind hans hafi verið sljógvud á þeirri stundu, þegar umræddur atburður varð. Fyrir utan framangreindar

persónuleikatrufnanir og efnaþíkn hafa ekki greinst merki um aðra geðræna kvilla. Það er því álit undirritaðs, að raunveruleikamat og dómgreind Baldurs Gunnarssonar sé annars með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur.“

Niðurstaða.

Lögfull sönnun er komin fram fyrir því, sem ákærða er gefið að sök í ákæruskjali. Er það sannað með eigin játningu ákærða og sýnilegum sönnunargögnum, svo sem blóði í fötum ákærða, sporum og slóð í snjó frá vettvangi að heimili ákærða og hnífum á heimili hans, en þar vantaði í hnífasett sams konar hníf og fannst á vettvangi. Ákærði fór inn á heimili kæranda í heimildarleysi og inn í svefnherbergi, þar sem kærandi og kona sváfu í rúmi. Fyrirvaralaust og án nokkurs tilefnis af hálfu kæranda lagði ákærði til kæranda með hnífi og veitti honum svöðusár á hálsi. Samkvæmt vottorðum lækna og framburði læknis fyrir dómi var um lífshættulega atlögu að ræða, og réð hending því, að ekki hlaut bani af.

Samkvæmt frásögn sinni hefur ákærði ekki að öllu leyti verið með sjálfum sér vegna langvarandi áfengis- og fíkniefnaneyslu. Hefur hann borið við minnisleysi um sumt í atburðarás. Hjá lögreglu bar hann, að hann hefði ætlað sér að ná sér niðri á manni, er hann taldi sig eiga sökótt við, sem þó bjó ekki í Hafnarfirði og ákærði hafði ekki séð í rúm tvö ár. Fyrir dómi dró hann í land með þetta atriði og taldi athæfi sitt óútskýranlegt og hafa verið framið í hálfgerðu óráði vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu. Við rannsókn málsins hefur ákærði skýrt frá því, að hann hafi einu sinni til tvisvar farið heim til sín, eftir að hann fór út um nóttina. Líklegt þykir, að hann hafi þá tekið með sér hnífinn. Ákærði hefur sagt, að venjulega gangi hann ekki með hnífa á sér. Óljóst er, hvað ákærða gekk til verksins, en honum mátti þó vera ljóst, að mannsbani gæti hlotist af.

Samkvæmt 17. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal beita refsingu, þótt brot hafi verið framið í ölæði eða undir áhrifum annarra fíkniefna. Ákærði þykir því hafa gerst sekur um tilraun til manndráps samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, og húsbrot samkvæmt 231. gr. sömu laga.

Sakaferill ákærða er þannig, að honum hefur tvisvar verið refsað fyrir umferðarlagabrot og tvisvar fyrir brot á ávana- og fíkniefnalöggjöf. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex ár. Gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem staðið hefur óslitið síðan 1. janúar 1996, á að koma að fullri dagatölu refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Engar refsilækkandi ástæður þykja koma til greina hjá ákærða, sem er sakhæfur.

Kærandi, Harry Jóhannes Harrysson, hefur gert bótakröfu í málinu, að

fjárhæð 1.500.000 krónur, með vísun til 1. gr., sbr. 2.–5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Krafa þessi var sett fram, eftir að ákæra var gefin út. Ákærði samþykkti við aðalmeðferð, að krafan kæmist að, sbr. 2. mgr. 171. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en mótmælti fjárhæð hennar. Við aðalmeðferð var það bókað eftir lögmanni kæranda, að krafan væri eingöngu miskabótakrafa. Bótakrafan er þeim annmarka háð, að engin gögn hafa verið lögð fram henni til stuðnings um andleg mein kæranda. Verður því eigi unnt að dæma varanlegan miska samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga. Hins vegar þykir unnt að taka afstöðu til ófjárhagslegs tjóns kæranda og dæma honum miskabætur eftir 26. gr. skaðabótalaga, sem þykja hæfilegar 400.000 krónur. Dráttarvextir dæmast eftir III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., 70.000 krónur, og saksóknarlaun, að fjárhæð 70.000 krónur, í rikissjóð.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Baldur Gunnarsson, sæti fangelsi í sex ár, en gæsluvist hans frá 1. janúar 1996 komi refsingu til frádráttar.

Ákærði greiði Harry Jóhannesi Harryssyni 400.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. 70.000 krónur í málsvarnarlaun og 70.000 krónur í saksóknarlaun.
